



Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 25. febrúar 2013 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 10.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Guðjón Guðjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Umsóknir um stöðu hafnarvarðar

Fyrir fundinum lágu umsóknir um stöðu hafnarvarðar sem auglýst hefur verið laus til umsóknar. Borist höfðu 8 umsóknir um starfið.

Hafnarnefnd fór yfir og ræddi fyrirbyggjandi umsóknir og samþykkti síðan að fela hafnarstjóra og formanni hafnarnefndar að ræða við Pórey Jónsdóttur um ráðningu þar sem hún hafi, af þeim sem sækja um starfið, mesta reynslu af hafnarvarðarstarfi.

2. Erindisbréf hafnarvarðar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á orðalagi og texta á eldra erindisbréfi hafnarvarðar. Hafnarnefnd ræddi erindisbréfið og þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar en samþykkti síðan erindisbréfið með áorðnum breytingum.

3. Gjaldskrá

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá hafnarinnar sem lagt er til að gildi frá 1. febrúar 2013.

Hafnarnefnd samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

4. Bréf:

a. Rúnars Kristjánssonar, 15. febrúar 2013

Með bréfinu lýsir Rúnar hve smábáta- og julluútgerð veiti þeim sem hana stunda mikla lífsfyllingu en ein af forsendum þessarar útgerðar séu flotbryggjur fyrir umrædda báta. Hann gagnrýnir að smábátabryggjurnar hafi verið teknar upp of snemma sl. haust og fer fram á að ákveðið verði að þær verði ekki teknar upp fyrr en í október.

Hafnarnefnd ræddi erindið og tók undir mikilvægi þess julluútgerð geti haft góðar aðstæður og samþykkti að fela sveitarstjóra að svara bréfinu í anda umræðu á fundinum.



**b. Sigurðar Áss Grétarssonar, forstöðumanns á
Siglingastofnun, 19. febrúar 2013**

Sigurður greinir frá því í tölvubréfi að starfsmenn Siglingastofnunar séu búnir að forhanna til efnisútboðs, trébryggju vegna lengingar Miðgarðs og að stefnt sé að útboði í marsbyrjun. Gert sé ráð fyrir að efnið komi í júlí/ágúst. Hann leggur jafnframt til að bryggjan verði um 20 cm hærri en núverandi stálþilsbryggja sem kölluð er Miðgarður. Ástæður hækkunarinnar er áætluð hækkun á sjávarborði á líftíma bryggjunnar. Hafnarnefnd samþykkti umrædda hækkun á mannvirkinu en að öðru leyti var bréfið til kynningar.

5. Önnur mál.

Umræður urðu um umhverfismál, rafmagnsmál og fleira sem varðar rekstur hafnarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.05

Adolf H. Berndsen,

Guðjón Guðjónsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Gunnar Sveinsson,

Jóhann Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson